

**5. fundur stýrihóps um menntastefnu Hafnarfjarðar haldinn föstudaginn 10. janúar 2020 kl. 9:00 í bæjarráðssalnum Strandgötu 6.**

Mætt eru: Kristín María Thoroddsen, Sigrún Sverrisdóttir, Sigurður Þ. Ragnarsson og Arnbjörn Ólafsson. Frá skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustunnar Fanney D. Halldórsdóttir, Geir Bjarnason, Jenný D. Gunnarsdóttir og Vigfús Hallgrímsson.

Fjarverandi: Margrét Vala Marteinsdóttir og Vaka Ágústsdóttir

Kristín stýrði fundi.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Mál sem rædd voru á fundinum:

**1. mál: fundartími og staðsetning funda með menntaleiðtogum:**

Stýrihópur fundar næst þann 21. janúar kl. 8.30. Fastir fundir verða ákveðnir á þeim fundi. Næsti menntaleiðtogafundur verður haldinn þann 14. febrúar sem fyrr í Skátaheimilinu.

**2. Skipulag og form menntaleiðtogafundarins**

Rætt var hvernig ætti að nálgast viðfangsefnið. Lagt er upp með að yfirflokkarnir verði 4-5 líkt og Reykjavíkurborg setur þetta upp og einn flokkurinn verði hafður opinn. Undir hverjum flokki yrðu spurningar og eða umræðupunktur, og þær svo nýttar við gerð menntastefnunnar.

Lagt er til að stýrihópurinn leggi til yfirflokka. Fanney setur inn skjal í google og stýrihópurinn fyllir inn í það sem honum dettur í hug. Síðan munu menntaleiðtogarnir leggja til framhaldið varðandi undirflokka. Þrjú hópar sem koma að gerð menntastefnunnar þ.e.a.s. Stýrihópur, menntaleiðtogar og svo fólkíð út í kerfinu.

Hópurinn velti því upp að jafnvel að ganga út frá heimsmarkmiðunum, barnasáttmálanum, námskrár og það sem verið er að vinna með út í kerfinu ss. grunnþættir menntunar, vinna með það sem væri þverstæðukennt ss. Samkeppni/samvinna, sjálfsrækt/umhyggja. Að fá spennu í stefnumótunina, dínamik og sameiningu úr andstæðum pólum.

3. Lögð fram drög að flokkun/skiptingu áhersluþátta við gerð menntastefnu: Fanney býr til skjal og setur í google sem stýrihópurinn setur svo inn í það sem hann við hafa sem yfir flokka.
4. Hugmyndir að flokkun: Jafnrétti, umhverfi, næmni, tækni(miðlun/tjáning), forvarnir, Gagnrýn hugsun/hugrekki, inclusive (íslenskt orð yfir það). Einstaklingur í samfélagi hvað á að vera fyrir hann þar. Áskoranir, virðing, samskipti, tilfinningar, þrúatsegja, fordómaleysi/fordómar, taka ábyrgð á sjálfum sér.

Fleiri mál ekki rædd. Næsti fundur verður haldinn 21. janúar 2020

Fundarslit kl. 10:20. Ritun fundargerðar: Jenný D. Gunnarsdóttir